

Aðalfundur ÍSALP 26.09.2019

- Karl Ingólfsson kosinn fundarstjóri
- Ottó Ingi Þórisson kosinn fundarritari
- Ákveðið að byrja á að taka fyrir Bratta mál
 - o Stefán frá Ferðafélagi Íslands kynnti málið.
Lagt eftirfarandi til samþykkis
Varðandi núverandi skála (Bratta) sem er í helmingseigu FÍ og ÍSALP, staðsettur í Kópavogi.
Lagt er til að FÍ taki skálann og komi honum í not gegn því að skuldbinda sig til að standa kostnað að byggingu nýs skála. Ef ekkert verður af framkvæmdum, t.d. vegna þess að skipulagsmál ganga ekki í gegn mun FÍ greiða uppgreiðsluákvæði samkvæmt núverandi samning á milli ÍSALP og FÍ.
Stjórn ÍSALP mun sjá um að ganga frá samning milli ÍSALP og FÍ.
Ályktun aðalfundar 2019:
Aðalfundur felur stjórn að setja inn í samning gildistíma þessa samkomulags.
Samþykkt samhljóða
- Skýrsla stjórnar
 - o Jónas formaður kynnrir skýrslu stjórnar
 - Sveinn kynnrir Tindfjallaskála
- Ársreikningur
 - o Ottó kynnrir ársreikninga
 - Sigurður Tómas Þórisson skoðunarmaður gat ekki skoðað ársreikningana.
Lagt til að Sveinn Friðrik Sveinsson verði skoðunarmaður í hans stað.
Samþykkt samhljóða.
 - Ársreikningarnir voru samþykktir samhljóða
- Kjör meðstjórnenda
 - o Sif Pétursdóttir hefur lokið sínu tímabili (1 ár). Elísabet Atladóttir kosin í hennar stað
 - o Védís Ólafsdóttir hefur lokið sínu tímabili (1 ár). Hún gefur kost á sér áfram
 - o Sigurður Ýmir Richter hefur lokið sínu tímabili (2 ár). Hann gefur kost á sér áfram
 - o Matteo Meucci hefur lokið sínu tímabili (2 ár). Hann gefur kost á sér áfram
 - o Enginn önnur framboð bárust
- Uppstillinganefnd
 - o Eftirfarandi aðilar voru kosnir í uppstillinganefnd
 - Rúna Thorarensen
 - Sveinn Friðrik Sveinsson
 - Freyr Ingi Björnsson
- Skoðunarmenn ársreikninga
 - o Eftirfarandi aðilar voru kosnir í skoðunarmenn ársreikninga
 - Sveinn Friðrik Sveinsson
 - Páll Sveinsson
- Árgjald
 - o Eftir smá umræður komu fram þrjár tillögur
 - 4200
 - 5000
 - 5020 – Var kosið með yfirgnæfandi meirihluta
- Önnur mál
 - o Eignarhald á eignum klúbbsins (Sveinn Friðrik Sveinsson)

- Tindfjallaskáli er ekki bókfærður og Bratti bókfærður á 8.000.000. Mögulega ekki til þinglýstir pappírir (afsal) varðandi eignarhald. Vill leggja til að það verði forgangsmál stjórnar á næsta ári að koma eignarhaldi á þessum húsum á hreint og bókfæra rétt.
- Aðalfundur samþykkir þessi tilmæli til stjórnar.
- Lausafjár sjóður (Sveinn Friðrik Sveinsson)
 - Leggur til að stjórn ráðstafi ákveðinni upphæð af lausafjár í lausafjár sjóð eða bankabók með hærri vexti.
 - Aðalfundur samþykkir þessi tilmæli til stjórnar.
- Rekstur síðasta árs (Sveinn Friðrik Sveinsson)
 - Vill hrósa stjórn varðandi rekstur síðasta árs. Árið skilar hagnaði á móti tapi árinu þar áður.
- Skálanefnd (Baldur Þór Davíðsson)
 - Leggur til að stofnuð verður skálanefnd.
 - Tillagan var felld
- Almennaréttur, SAMÚT (Karl Ingólfsson)
 - Karl hefur verið fulltrúi ÍSALP í SAMÚT undanfarin ár en gefur ekki kost á sér áfram. Það þarf því að finna nýjan aðila til að vera fulltrúi ÍSALP hjá SAMÚT.
 - Stjórn ÍSALP þarf að finna nýjan fulltrúa ÍSALPS í SAMÚT.
 - Karl mun setja saman smá texta um það hvað þessi staða/fulltrúi snýst um og setja inn á umræðuþráð inn á www.isalp.is eða senda stjórn sem setur inn fréttu á www.isalp.is
 - Karl óskar þó eftir stuðningi klúbbsins til að bjóða sig fram til að vera í forsvari SAMÚT í málefnum vestur vatnajökulsþjóðgarðs.
 - Aðalfundur samþykkir það.